

## GJALDSKRÁ

### Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

#### 1. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. setja gjaldskrá að fenginni tillögu stjórnar byggðasamlagsins fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs og annast innheimtu gjaldanna innan síns sveitarfélags.

#### 2. gr.

Íbúðarhúsum, frístundahúsum, fyrirtækjum, lögaðilum og öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst þess skipar viðkomandi sveitarfélag í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Íbúðarhús	Frístundahús	Lögbýli***	Atvinnuhúsnæði
Grunngjald kr.*	20.591	20.591	8.831	20.591
Íláttagjald kr.**	22.571			
Samtals kr.	43.162	20.591	8.831	20.591

Gjald fyrir heimsendan gám kr. 15.000.

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Íláttagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og samþykkt af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Gjaldskráin er sett í samræmi við 10. gr. samþykktu byggðasamlagsins og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1316/2016.

*Hvolsvelli, 7. desember 2017.*

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.,

**Ágúst Ingi Ólafsson.**

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2017